



3. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2024/2025
haldinn miðvikudaginn 4. september 2024
á Teams

Fundinn sátu: Baldvin Zarióh formaður, Íris Davíðsdóttir, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Kolbeinn Hólmar Stefánsson (Teams), Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir, Jens Guðmundur Hjörleifsson og Ragna Kemp Haraldsdóttir.
Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 7. ágúst 2024.
2. Fundargerð aðalfundar 2024.
3. Fundargerð aukafundar stjórnar 30. ágúst 2024
4. Kjaramál.
5. Samráðsnefnd Fh og HÍ,
6. Af vettvangi BHM.
7. Erindi frá Pétri Henry, tp. dags. 15. maí sl.

1. Fundargerð 7. ágúst 2024

Fundargerðin var samþykkt.

2. Fundargerð aðalfundar 2024

Fundargerðin var samþykkt með lítisháttar leiðréttingum.

3. Aukafundur stjórnar

Fundargerðin var samþykkt.

4-5 Kjaramál/Samráðsnefnd Fh og HÍ

Baldvin sagði frá stöðunni. Farið var yfir skjal sem er í fundargögnum stjórnar frá 28. ágúst sl. eftir fund samráðsnefndar Fh og FPR annars vegar og HÍ hins vegar. Fundurinn var haldinn sameiginlega með FPR í þeim tilgangi að ræða mögulegar bókanir í stofnanasamningum félaganna í aðdraganda kjarasamningsgerðar. Á fundinum voru eftirtaldir punktar ræddir:

- Bókanir um Sáttmálasjóð.
- Kennsluyfirvinnu.
- Aðkomu félaganna að reiknilíkani háskóla.
- Aðkomu félaganna að reglum um rannsóknamissari vegna breytingu á orðalagi í kjarasamningum.
- Samgöngustyrkir.

- HERA.
- Kortlagning á kjörum doktorsnema.
- Líffræðilega skaðvalda.
- Stuðningur við símtæki.

Katrín spurði um kortlagningu á kjörum doktorsnema og hvað hafi þá verið rætt og hvort fram hafi komið útfærðar hugmyndir. Baldvin sagði að enn sem komið er eru hugmyndirnar ekki útfærðar, en áhersla félagsins hefur lengi verið að kortleggja stöðu þeirra m.t.t. kjara og réttinda sbr. veikindi. Hí hefur ljáð máls á því að doktorsnemum verði greitt í formi styrkja en ekki launa sem væri bundin tilteknu hlutfalli kennsluskyldu. Málið rætt og stjórnarfolk sammála um að fara þyrfti varlega í breytingar á kjörum nema. Breyting á kjörum þeirra í þá átt að greiddir verða styrkir í stað launa þýðir að þeir myndu í raun missa kjarasamningsbundin réttindi sbr. greiðslur í sjóði.

Þá var farið í skjal sem er í fundargögnum stjórnar með punktum af samningafundi með samninganefnd ríkisins (SNR), dags. 26. ágúst sl. Þeir eru:

- Launatöflur.
- Skilgreining á vinnuviku (vinnustundir) akademískra starfsmanna.
- Veikindi barna yngri en 16 ára vegna sjúkrahúsvistar.
- 0,1%.
- Réttur til rannsóknaleyfis.
- Breyting á orðalagi 5.5.1 í kjarasamningi.
- Starfsmenntunarsjóður.
- Kennslufirvinna.
- Bókun 2 úr fyrri kjarasamningi.

Baldvin sagði frá fundi með SNR þar sem ofangreindum punktum var svarað, þann 3. september sl. Það sem óafgreitt er kennslufirvinna, útfærsla á launatöflum (0,7%) og skilgreining á vinnustundum á viku fyrir akademískt starfsfólks.

Næsti fundur verður haldinn 10. september nk. Kolbeinn Hólmur Stefánsson mun koma inn í stað Jens Guðmundar á fundinn.

Rætt um að senda upplýsingar á félagsfólk um stöðuna í kjaraviðræðunum.

6. Af vettvangi BHM

Íris sagði frá mannbreytingum í starfsliði BHM. Þá stendur til að bandalagið haldi stefnumótunarþing vorið 2025.

7. Erindi frá Pétri Henry

Málinu frestað.

Enginn önnur mál.

Fundi lauk 13:15